

34. fundur hjá æskulýðs-og íþróttanefnd 12. október 2009

Mættir eru:

Katrín Pálsdóttir, Einar Gunnarsson, Ingi Ingason, Vignir Sveinsson, Eydís Eypórsdóttir.

#### 1. Skýrslur forstöðumanns íþróttamannvirkja.

Forstöðumaður sagði að allt væri í föstum skorðum í íþróttamiðstöðinni. Breytingar eru í gangi á rýminu við enda gangsins þar sem búningasklefnir eru. Líkamsræktarstöðin Átak hefur tekið yfir salinn fyrir sína starfsemi sem áður var skrifstofa Snæfells. Snæfell mun útbúa sér fundar- og skrifstofuaðstöðu í anddyri íþróttahússins. Fjölliðamót eru komin af stað og starfsemi íþróttamiðstöðvarinnar er að komast í vetrarform. Aðsókn í sundlaugina hefur dregist saman augljóslega vegna minnkandi ferðamannastraums en septembermánuður var þó lakari hvað aðsókn varðar m.v. september í fyrra.

Íþróttá- og tómstudafulltrúi gerði grein fyrir starfsemi æskunnar og eldri borgara. Eldri borgara starfið komið á fullt og ágætis aðsókn er m.a í boccia. Félagsstarf unglínganna er í formi námskeiðs- og klúbbstarfsemi eins og er og hefur ágæt aðsókn verið í þá klúbba og námskeið sem eru byrjaðir. Glernámskeið fór vel af stað, skáklúbbur er í startholunum og fleiri klúbbar munu líta dagsins ljós í vetur. Steinunn María hefur tekið að sér að sjá um Stíl 2009 sem er fatahönnunarkeppni á vegum Samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi. Fyrirhugað er að unglíngarnir fari á æskulýðsball í Borgarnesi. Félagsmiðstöðin verður starfandi í "kálfinum" og meiningin er að hafa opið eina kvöldstund í viku til að byrja með. Verið er að vinna í húsnæði "kálfsins" til að starfsemin geti hafist en einnig er verið að vinna í að finna starfsmann sem ber ábyrgð á kvöldstundunum.

Ungmennaráð fundaði í síðustu viku og gekk vel en verið er að finna fimmta mann í ráðið og fyrirhugað er að funda að nýju í næstu viku.

#### 2. Önnur mál

Bréf frá bæjarráði, dagsett 30. september, varðandi umhirðu íþróttaleikvangs Stykkishólmsbæjar lagt fram og verður til umræðu á næsta fundi.

Sign

Katrín Pálsdóttir

Einar Gunnarsson